

4.fundur hreppsnefndar, sem jafnframt er aukafundur, haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði föstudaginn 26.apríl 2019 kl. 16:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður Julía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar fyrir árið 2018, fyrri umræða.
2. Samþykkt um byggingarnefnd Árneshrepps, seinni umræða.
3. Ljósleiðaravæðing Árneshrepps, ýmsar upplýsingar og næstu skref.
4. Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 9.apríl s.l. lögð fram til samþykktar.
5. Öldungaráð Árneshrepps, erindi frá félagsmálastjóra lagt fram til umræðu.
6. Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, lögð fram til kynningar og umræðu.
7. Brunabótafélag Íslands, hugmyndir varðandi styrktarumsóknir.
8. Málefni Verzlunarfjelags Árneshrepps.
9. Umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni, samþykkt skipulagsnefndar Árneshrepps lögð fram til umræðu og samþykktar.

1. Ársreikningar fyrir árið 2018, fyrri umræða.. Hreppsnefnd fór yfir ársreikningana og afgreiddi þá til seinni umræðu.

2. Samþykkt um byggingarnefnd Árneshrepps, seinni umræði. Hreppsnefnd samþykkti „Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Árneshreppi“ og verða þær sendar Umhverfis- og auðlindaráðurneytinu til samþykktar.

3. Ljósleiðaravæðing Árneshrepps, upplýsingar og næstu skref. Oddvita er falið að kanna hver næstu skref verða. Ýmsar upplýsingar vantar sem þarf að afla.

4. Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 9.apríl 2019. Fundargerðin tekin fyrir af hreppsnefnd og samþykkt.

5. Öldungaráð, erindi frá félagsmálastjóra lagt fram til umræðu. Ákveðin nöfn komu til greina en ákveðið var að bíða með tilnefningar og fá fyrst meiri upplýsingar um málið.

6. Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kæran lögð fram til umræðu, fátt nýtt er þó í málinu og lögmanni sveitarfélagsins falið að senda athugasemdir fyrir hönd Árneshrepps.

7. Brunabótafélag Íslands, hugmyndir varðandi styrkumsóknir. Skoðað verður hvernig verkefni gætu hentað fyrir Árneshrepp.

8. Málefni Verzlunarfjelags Árneshrepps. Ýmislegt rætt og staðan skoðuð, unnið áfram í ýmsum þáttum sem þarf að klára. Byggðastofnun mun veita flutningsstyrk til væntalegs starfsmanns.

9. Umsókn um framkvæmdaleyfi – Strandavegur (643-09)um Litlukleif. Samþykkt skipulagsnefndar Árneshrepps lögð fram og samþykkt. Samþykktin er svohljóðandi;

„Skipulagsnefnd samþykkir umbeðið framkvæmdaleyfi til handa Vegagerðinni, en óskar eftir því að svæðinu á milli stöðva 470 og 500 á uppdrætti verði hlíft sem kostur er. Þar eru gamlar menningarminjar sem bera örnefnið Hleinar og eiga sér sögu í fiskveiðum og löndun í Norðurfirði“.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30